



ISAVIA

Lokaskýrsla Flugslysaæfing Vopnafjarðarflugvöllur 9.júní 2018



Isavia

Lögreglustjórinn á Austurlandi

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra

1	Efnisyfirlit	
2	Frá æfingastjóra.....	2
3	Markmið	3
4	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
4.1	Fimmtudagurinn 7.júní.....	4
4.2	Föstudagurinn 8.júní.....	4
4.3	Laugardagurinn 9.júní.....	4
4.4	Æfingastjórn	4
4.5	Ráðgjafar	4
4.6	Pátttaka	4
4.7	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	5
4.8	Veður	5
4.9	Framkvæmd.....	5
4.10	Vettvangur	5
5	Rýni.....	6
5.1	Vettvangsrýni ráðgjafa	6
5.1.1	Aðgerðastjórn.....	6
5.1.2	Vettvangsstjórn. Friðjón V. Pálmason	7
5.1.3	Björgunarstjóri – Grétar Karlsson.....	7
5.1.4	Aðhlyningarstjóri – Guðrún Lísbet Níelsdóttir.....	8
	Fjöldahjálp	9
5.1.5	Flutningsstjóra – Björk Guðnadóttir / Einar Þór Strand / Steingrímur Jónsson	9
5.1.6	Leikarar og förðun	9
5.1.7	Gæslustjóri.....	9
5.1.8	Slökkviliðsmenn/flugvallarþjónusta – Aðalbjörn Tryggvason / Einar Þór Strand.....	9
5.2	Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar.....	10
5.2.1	Rýni lausnaraðila.	Error! Bookmark not defined.
5.2.2	Einkunn æfingarinnar.....	11

2 Frá æfingastjóra

Laugardaginn 9.júní var haldin flugslysaæfing á Vopnafjarðarflugvelli. Flugslysaæfingar eru að jafnaði haldnar á fjögurra ára fresti á öllum þeim flugvöllum á Íslandi sem áætlunarflug er stundað frá. Samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að ber skilda til þess að halda slíkar æfingar á alþjóðaflugvöllum en Ísavia hefur ákveðið í samráði við yfirvöld að þessar æfingar nái til allra áætlunarflugvalla. Tilgangur með uppsetningu slysavettvangs er sá að reyna að skapa aðstæður sem að einhverju leiti endurspeglar raunveruleikann þannig að viðbragðsaðilar sem á vettvang koma mæti eins „raunverulegum“ aðstæðum og hægt er. Þetta er auðvitað ekki hægt nema að litlu leiti en þó gert eins og hægt er. Nú er búið að halda nokkrar flugslysaæfingar á Vopnafjarðarflugvelli. Það er búið að prófa ýmsar uppsetningar verkefna á vettvangi. Búið er að halda flugslysaæfingar við alla enda vallarins og einnig nærri miðju hans. Að þessu sinni var ákveðið að hafa æfingarstaðinn utan flugvallargirðingar rétt austan miðju flugbrautar. Þar var búið til hæfilega erfiður slysavettvangur sem samanstóð af hefðbundin klippu- og eldverkefnum.

Veður hefur áhrif á æfingar. Gott veður kætir alla og gerir góða æfingu betri og ekki hvað síst er það gott fyrir þá sem leika sjúklinga því eðlilega er kalsamt að liggja á blautri jörð og ef til vill í roki og bíða eftir hjálp. Veðurspá gekk eftir og hiti var um tíu gráður og hægur vindur. Sem sagt ágætis æfinga veður. Leikararnir voru nokkuð ungir að árum og var lögð sérstök áhersla á að koma þeim þannig fyrir að kæling yrði sem minnst og einnig voru þeir vafðir í bóluplast og teppi. Þetta slapp allt vel til.

Æfingin hófst nokkru fyrir klukkan ellefu. Útkallið var eftir hefðbundinni aðferðafræði það er að flugturninn kallar á flugvallarslökkvibíl og upplýsir um atburð en kallar síðan í Neyðarlínuna með Tetra talstöð og upplýsir um atburðinn. Neyðarlínan sendir síðan SMS boð í fjölda GSM síma á alla viðbragðsaðila og flugslysaæfing er hafin. Þegar slökkvibíll vallarins var farin á staðinn fór turnmaður í slökkvigalla og á vettvang til aðstoðar. Skömmu síðar fóru fyrstu viðbragðseiningar að mæta en þær voru í bækistöðvum sínum þegar æfingin hófst.

Segja má að æfingin hafi síðan gengið fyrir sig á hefðbundinn hátt. Margir þeirra sem komu að æfingunni voru í sinni annarri eða þriðju æfingu. Fyrir bragðið gekk þetta verkefni vel fyrir sig og engir áberandi hnökrar voru á framkvæmd. Á um tveimur klukkustundum eftir að æfingin hófst var búið að bjarga öllum og koma þeim á SSS (söfnunarsvæði slasaðra) .

Staks eftir æfinguna var öllum boðið í kjötsúpu í félagsheimilinu. Þar fluttu allir stjórnendur stutta tölu um upplifun sína af æfingunni. Þarna var dreift blöðum með netaðgangi að rafrænni rýni. Getur því hver og einn sest við tölvu heima hjá sér eftir æfinguna og svarað spurningum og eða tjáð sig um það hvernig viðkomandi þótti æfingin til takast, bæði það sem vel fór og það sem miður fór. Bindum við vonir til þess að með þessu fáum við mun meiri upplýsingar til að vinna úr um hverja æfingu. Æfingar einar og sér eru gagnlegar en nauðsynlegt er að draga lærdóm af hverri æfingu því bæði má læra af því sem vel fer jafnt og því sem miður fer. Einnig kann að vera nauðsynlegt að bæta eða breyta einhverju í skipulagi hvernar vettvangseiningar eða í skipulagi flugslysaáætlunarinnar.

Í heildina gekk æfingin mjög vel. Eins og fram hefur komið gekk lausnarþátturinn mjög vel. Niðurstaðan er því sú að hér hafi verið um góða æfingu að ræða þar sem allir þættir gengu eins vel og hægt er að krefjast og var í heild ykkur til sóma. Fyrir hönd ráðgjafa sem komu að æfingunni langar mig til þess að þakka öllum þeim sem komu að æfingunni eða aðstoðuðu okkur á einn eða annan hátt. Án samtakamáttar eru slíkar æfingar ekki haldnar.

Takk fyrir samvinnuna og bestu kveðjur,
Bjarni Sighvatsson-æfingastjóri.

3 Markmið

Vopnafjarðarflugvöllur er svokallaður einmennings völlur, það er lítill flugvöllur með einn fastann starfsmann. Flugfélagið Norland Air sinnir áætlanaflogi á völinn fimm sinnum í viku frá Akureyri. Eitt helsta markmið æfingarinnar var að sannreyna flugslysaáætlun flugvallarins, æfa samvinnu milli viðbragðsaðila og þeim áskorunum sem falast í dreifðum og flóknum vettvangi og fáum björgum miðað við fjölda slasaða. Markmið æfingarinnar gengu ágætlega upp eins og fram kemur í þessari skýrslu .



4 Undirbúningur og framkvæmd

4.1 Fimmtudagurinn 7.júní.

Boðunarprófun var framkvæmd af 112 með venjubundnum hætti. Þá er öllum þeim sem skráðir eru til viðbragðs vegna flugslyss á Vopnafjarðarflugvelli send skilaboð í gegnum GSM farsíma. Hafi menn dottið út af skrá af einhverjum orsökum þá gefst nægur tími til að leiðrétta það fyrir æfinguna.

Af sérstökum ástæðum var ekki unnt að halda úti fræðsludagskrá líkt og venja er á fimmtudeginum.

4.2 Föstudagurinn 8.júní.

Kl 15:00 var haldin skrifborðsæfing í Sambúð. Mæting var góð og æfingin tókst vel, þrjú rennsli voru keyrð og fengu þátttakendur betri yfirsýn og æfðust í samskiptum sín á milli. Æfingar þessar eru mikilvægur þáttur í flugslysaæfingum.

Um kvöldið var æfingin formlega sett í félagsheimilinu Miklagarði og í kjölfar hennar var kynning á ýmsum atriðum sem snerta æfinguna. Á sama tíma ver haldinn kynningarfundur fyrir þá unglunga sem höfðu tekið að sér að leika sjúklinga á æfingunni.

4.3 Laugardagurinn 9.júní.

Æfingin hófst um kl 11:00 með að eldur var kveiktur í bílflaki á „slysstað“. Að vanda var fyrsta verkefnið ætlað slökkvibíl flugvallarins en í kjölfarið voru kveiktir fleiri eldar sem ætlaðir voru þeim viðbragðsaðilum sem á eftir komu. Slasaðir voru ýmist í bílflökum þar sem nokkuð þyrfti að hafa fyrir því að ná þeim út eða þeir voru dreifðir um svæðið nærri slysstað.

Viðbragðsaðilar voru settir inn í æfinguna eftir því í hvaða röð þeir kæmu. Bráðaflokkun fór af stað, slasaðir voru fluttir á SSS (söfnunarsvæði slasaðra í flugstöð) og svo á heilbrigðisstofnanir. Æfingu var lokið uppúr klukkan 13:30.

4.4 Æfingastjórn

Æfingastjóri	Bjarni Sighvatsson - Isavia
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason - AVD
Æfingastjórn	Friðgerður Brynja Jónsdóttir- AVD

4.5 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar stofnanir, félagsamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Fylgst er með einstaka þáttum æfingarinnar og skýrslum skilað um hvernig til tókst.

Ráðgjafi - Förðun og umsjón leikenda	Vigdís Agnarsdóttir - Isavia
Ráðgjafi - Heilbrigðisþáttar	Guðrún Lísbet Níelsdóttir - LHS
Ráðgjafi - Björgunarsveita	Björk Guðnadóttir- Landsbjörg
Ráðgjafi - Björgunarsveita	Einar Strand-Landsbjörg
Ráðgjafi - Björgunarsveita	Steingrímur Jónsson- Landsbjörg
Ráðgjafi - Slökkvibáttur og uppsetning vettvangs	Grétar Karlsson- Isavia
Ráðgjafi - Slökkvibáttur og uppsetning vettvangs	Aðalbjörn Tryggvason- Isavia
Ráðgjafi - Slökkvibáttur og uppsetning vettvangs	Jón Þór Gunnarsson- Isavia

4.6 Þátttaka

Um 70 manns tóku þátt í æfingunni, og er það allnokkuð færra en á síðustu æfingu. Hafa verður í huga að margir eru bæði í Rauðakrossinum, björgunarsveitum og svo í öðrum viðbragðsaðilum og þurfa að

velja á milli, stundum líða sjálfbóðaliða samtökin fyrir þetta en vel var mannað á öllum stöðum á æfingunni. Það vekur nokkrar áhyggjur að mæting björgunarmanna er undir væntingum og er það nokkuð sem of oft hefur komið upp á flugslysaæfingum undanfarin ár.

4.7 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Beechcraft 1900D, 19 sæta leiguflugvél kemur inn til lendarar á braut 05 í góðum flugaðstæðum. Vélin lendir frekar innarlega og hefur nýlega snert braut þegar hægra hjólastell gefur sig og vélin þeytist út af braut og stöðvast utan öryggissvæðis nokkuð lengra en sem nemur miðju flugbrautar, ármegin. Hún brotnar að hluta og eldar loga. Vélin er nærri full af farþegum. Verkefni eru: slökkviverkefni, björgun farþega úr búk (reykfyllt ræsisrör), klippuvinna (björgun úr flaki), slasaðir einstaklingar utan flugvélar en í nágrenni slysstaðar.

4.8 Veður

Veður var ágætt og hafði lítil sem engin áhrif á æfinguna. Góð veður hafa alltaf jákvæð áhrif á vinnu björgunarfólks á flugslysaæfingum.

4.9 Framkvæmd

Flugturn kallaði með Tetrastöð í Neyðarlínuna um kl. 11:12 og tilkynnti atburðinn. Boð í GSM síma viðbragðsaðila frá Neyðarlínunni bárust klukkan 11:17. Neyðarlínan sendi út boðnum að æfingunni væri lokið kl. 13:09.

Þrátt fyrir að björgunarfólk hafi verið heldur færra en á síðustu æfingu þá gætti þess lítið í framkvæmd æfingarinnar. Nokkur hluti viðbragðsaðila hefur tekið þátt í flugslysaæfingum áður, jafnvel nokkrum. Þessa gætti í stjórnun og framkvæmd. Unnið var fumlaut án nokkurra láta eða gassagangs. Flæðið í æfingunni var jafnt og þétt. Einn megintilgangur svona æfinga er að fá viðbragðsaðila sem að jafnaði eru ekki að vinna saman til þess að stilla saman strengina til þess að ná að leysa verkefni á sem skilvirkastan hátt. Það tókst með ágætum.

4.10 Vettvangur

Slysavettvangurinn var utan girðingar öryggissvæðis austan norðurenda brautarinnar. Notað var reykfyllt ræsisrör til að líkja eftir flugvélastökki og einnig voru slasaðir settir inn í bílflak þar sem klippa þurfti þá út. Svo voru hefðbundin slökkviverkefni og slasaðir látnir liggja á og í kring um slysstað. Vettvangurinn átti að reyna á alla viðbragðsaðila sem komu á staðinn og samvinnu þeirra.




5 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga.

Rýniferlið var með þeim hætti að öllum þátttakendum var boðið að rýna aðgerðina rafrænt. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram.

Einnig var prófuð svokölluð vettvangsrýni þar sem ráðgjafar meta störf helstu stjórnunareininga og verkþáttastjóra á meðan á æfingu stendur. Vert er að taka fram að flestir ráðgjafar fylltu út rýni eftir æfingu

5 þátttakendur (viðbragðsaðilar) skiluðu inn rafrænni rýni. Það er lélegur árangur þar sem frammi lágu blöð með leiðbeiningum hvernig bera skildi sig að og allir gátu í rólegheitum klárað að rýna í sínum heimilistölvum eftir æfinguna. Verk sem tekur nokkrar mínútur. Þær ábendingar sem einstaklingar kunna að hafa haft eru því glataðar og verða ekki nýttar til lærdóms.



5.1 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sér til halds og traust ráðgjafa, ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST,AST,VST og hjá verkþáttastjórum. Þeir mátu þessa stjórnunarþætti út frá því hvort ákveðnum verkefnum hafi verið sinnt eða ákveðnum markmiðum náð. Þetta var metið á skalanum 1-5 þar sem 1 þýðir að verkefni var ekki synt, kröfum ekki náð eða markmiðum ekki náð. Þetta verklag er í þróun og er ágætis leið til að meta störf stjórnenda, svo er spurning hvort stjórnendur eru sáttir við að þeirra störf séu metin með þessum hætti.

5.1.1 Aðgerðastjórn

Skýrsla ekki borist frá ráðgjafa.

5.1.2 Vettvangsstjórn. Friðjón V. Pálmason

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Var yfirsýn yfir atburð náð á viðeigandi tíma	5
Náði vettvangsstjóri sér í viðeigandi upplýsingar til að meta umfang verkefnis	5
Gaf VST, AST greinargóða og tímanlega stöðu mála	4
Var SÁBF notað með viðeigandi hætti í VST	4
Var skipt í stöður í VST	5
Voru fyrirsmáli vettvangsstjóra skilmerkileg	5
Varð aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti í VST	3
Var VST staðsett á viðeigandi stað	5
Var samræming verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	4
Voru viðeigandi verkþættir virkjaðir	5
Var í gert áhættumat eða athygli vakin á aðsteðjandi hættum	1
Var aðgerðagrunnur notaður á réttan hátt	1
Var aðgerðaskráning með viðeigandi hætti	1
Var hugað að markmiðsetningu í áætlanagerð	2
Voru settar niður aðgerðalotur	1
Var hörfun skipulögð með viðeigandi hætti	2

5.1.3 Björgunarstjóri – Grétar Karlsson

Tveir björgunarstjórar voru skipaðir (aðal og aðstoðar) og gerði að starfið mun auðveldara. Reynslan hefur kennt að flestum stjórnendum er nauðsyn á að hafa aðstoðarmann til að annast fjarskipti og aðra aðstoð og að björgunarstjóri verður að hafa sér aðstoðarmann.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Náði björgunarstjóri tímanlegri yfirsýn yfir atburð	5
Náði björgunarstjóri sér í nægar upplýsingar til að meta umfang og stærð atburðar	4
Var björgunarstjóri meðvitaður um aðsteðjandi hættur	5
Var vettvangur tryggður á viðeigandi tíma	5
Voru fyrirsmáli björgunarstjóra skýr og skilmerkileg	5
Gekk björgunarstjóra vel að samþætta starf mismunandi bjarga á vettvangi	5
Var tekið á móti hópum og þeir settir í verkefni	5
Var eðlilegri stjórnunarspönn viðhaldið á vettvangi	4
Var staðsetning björgunarstjóra viðunandi	5
Var yfirsýn björgunarstjóra viðeigandi	5
Var gætt að verndun vettvangs og rannsóknarhagsmuna á viðeigandi hátt	5
Var viðeigandi upplýsingum komið til VST um umfang og aðstæður á vettvangi	5
Voru samskipti við VST með viðeigandi hætti	5
Voru samskipti við aðra verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	5
Unnu stjórnendur Isavia og slökkviliðs vel saman	5
Var gerður uppdráttur af vettvangi	3
Var framkvæmd leit	5

5.1.4 Aðhlyningarstjóri – Guðrún Lísbet Níelsdóttir

Heilbrigðisstarfsfólk og aðrir sem komu að störfum á SSS stóðu sig með miklum ágætum. Áberandi yfirvegað andrúmsloft á SSS og góð samvinna milli aðila.

Framkvæmd áverkamats gekk almennt mjög vel og vel gekk að forgangsraða sjúklingum í flutning.

Fámennt var á æfingunni, bæði var eitthvað um fjarveru heilbrigðisstarfsfólks og eins var fámennt af hjálparliði almannaavarna.

Í aðdraganda æfingar var t.d. talið að aðeins yrðu 7 björgunarsveitarmenn á æfingunni og þar liggur ástæðan fyrir því að ekki var græjaður aðstoðarmaður fyrir aðhlyningarstjóra í aðdragandanum.

Slysavarnakonur voru að koma þarna að í fyrsta sinn og stóðu sig með mikilli þrýði og nærvera þeirra skipti verulegum sköpum.

Eftir æfinguna kom það til tals að þær myndu manna stöðu aðstoðarmanns eða jafnvel standa sem aðhlyningarstjórar á meðan hjúkrunarfræðingar sinntu sínum störfum, sem gæti orðið til mikilla bóta og samstarf þarna á milli býður upp á mikla möguleika fyrir báða aðila.

Aðhlyningarstjóri átti eðlilaga í erfiðleikum með að halda yfirsýn þegar hún þurfti að sinna öðrum verkum, s.s. sinna áverkamati, aðstoðarmaður hefði breytt miklu.

Einungis ein Tetra stöð er á heilsugæslunni og gæti þetta verið til trafala ef setja þarf upp stjórnskipulag almannaavarna, þar sem það

er ljóst að aðhlyningarstjóri þarf alltaf að hafa 2 stöðvar. Í þessari æfingu var þetta leyst með tetrastöð frá lögreglunni.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Tók eðlilegan tíma fyrir aðhlyningarstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand í SSS	4
Gaf aðhlyningarstjórinn greinargóða lýsingu á ástandinu til HSB,HVE,AST,SST,VST	3
Voru nægar bjargar við uppsetningu á SSS	3
Gaf aðhlyningarstjóri skýr fyrirmæli varðandi vinnu á SSS	3
Var aðbúnaður viðeigandi á SSS	3
Var viðeigandi skipulagi komið á í SSS	4
Var aðhlyningarstjóri með góða yfirsýn á SSS	3
Voru aðstoðarmenn skipaðir eftir þörfum	2
Var áverkamat mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	5
Var rautt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	3
Var gult svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	3
Var grænt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	3
Var ástand mála metið reglulega	5
Voru nauðsynleg aðföng/bjargar tryggð tímanlega	4
Var SSS eðlilega mannað	3
Voru samskipti við starfslíð SSS næg og skilvirk	4
Var aðhlyningarstjóra kunnugt um skipulag fjarskipta	3
Var upplýsingamiðlun frá SSS skilvirk	4



Yngsti þátttakandinn var aðeins 6 ára en stóð sig með þrýði.



Þolandi skoðaður á söfnunarsvæði slasaðra í flugstöð.

Fjöldahjálp

Átti ekki við á þessari æfingu.

5.1.5 Flutningsstjóra – Björk Guðnadóttir / Einar Þór Strand / Steingrímur Jónsson

Verkpáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.		
Tók eðlilegan tíma fyrir flutningsstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand mála	5	5	4
Var flutningsstjóri meðvitaður um hættur og hindranir á flutningsleiðum	5	5	4
Var skráning bjarga með viðeigandi hætti	5	5	5
Var móttaka bjarga með viðeigandi hætti	5	5	5
Var skipulag á MÓT með viðeigandi hætti	5	5	5
Var biðsvæði bjarga notað með viðeigandi hætti	5	5	5
Voru skipaðir umsjónarmenn yfir biðsvæði sem voru virkjuð	5	5	3
Var aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti	5	5	4
Voru biðsvæði sett upp á hentugum stöðum	5	5	5
Var skipulag flutninga með viðeigandi hætti	4	5	5

5.1.6 Leikarar og förðun

Skýrsla ekki borist frá ráðgjafa

5.1.7 Gæslustjóri

Skýrsla ekki borist frá ráðgjafa

5.1.8 Slökkviliðsmenn/flugvallarþjónusta – Aðalbjörn Tryggvason / Einar Þór Strand

Verkpáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Sýndi færni á monitor	4
Staðsetning tækja var í samræmi við vettvang	4
Öryggis var gætt við komu á vettvang	4
Staðsetning ökutækja var í samræmi við vindátt	4
Var sýnilegur	4
Var öndunarbúnaður notaður á viðeigandi hátt	5
Var hugað að eigið öryggi	5
Var hugað að öryggi farþega	4
Var gætt að rannsóknarhagsmunum	4
Varð handlínunum beitt á viðeigandi hátt	4
Tóku slökkviliðsmenn/flugvallarþjónusta þátt í björgunarstarfi	2
Var slösuðum veitt viðeigandi aðhlyning	4

5.2 Samantekt lærdóms flugslysæfingarinnar

5.2.1 Rýni lausnaraðila (númer er tilvísun í svör).

1. Vopnafjörður-Kristinn Ágústsson.
2. Slökkviliðið-Oddur Pétur Guðmundsson.
3. Aðhlyningarstjóri-Emma Tryggvadóttir.
4. Slökkviliðsmaður-Ingólfur Daði Jónsson.
5. Slökkviliðsmaður-Teitur Helgason.

- **Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar ?**

- 1 Upplýsingar mjög góðar og fólk vissi nákvæmlega hvað átti að gera og hvert sitt hlutverk væri.
- 2 Gekk allt þokkalega í undirbúningi æfingar sem að við komum að.
- 3 Fengum skýrar og góðar upplýsingar á skrifborðsæfingu.
- 4 Allt vel mundi ég halda. Klickaði samt að láta okkur slökkviliðsmönnum sms.
- 5 Varðstjóri fór yfir það með okkur hvað hann vildi að við gerðum og hvatti okkur til að sína frumkvæði.

- **Hvað hefði mátt betur fara í undirbúningi æfingarinnar ?**

- 1 Textaskilaboð bárust ekki á fimmtudeginum þegar átti að prufa kerfið.
- 2 Ekkert út á undirbúning æfingar að setja.
- 3 Ekkert sérstakt.
- 4 Dettur ekkert í hug nema sms vesenið.
- 5 Hefði mátt halda skyndihjálparæfingu fyrir slökkviliðsmenn til að við værum betur í stakk búinir til að sinna sjúklingum eins og staðan er í dag er ekkert svoleiðis inn í æfingarplani Brunaverndar austurlands.

- **Hvað gekk vel á æfingunni ?**

- 1 Allt gekk mjög vel frá mínu sjónarhorni.
- 2 Gekk vel hjá fyrsta viðbragði að tryggja slystað og staðsetja sjúklinga. Gekk hægt en örugglega að ná út flugmanni og flugstóra.
- 3 Móttaka, greining og útskrift sjúklinga. Heilbrigðisstarfsfólk fáliðað og því kom mjög vel út að hafa slysavarnarkonur til aðstoðar á söfnunarsvæði slasaðra.
- 4 Mest allt.
- 5 Mér fannst ganga vel að koma sjúklingum frá slystað og inn á SSS. fannst klippivinna hafa gengið vel þó svo að ég hafi bara náð restinni af þeirri vinnu. Leikararnir stóðu sig mjög vel. fannst hópurinn sem var á vettvangi ná að vinna vel saman.

- **Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni ?**

- 1 Textaskilaboð skiluðu sér ekki á æfingardegnum til slökkviliðs
- 2 Hefði mátt breyta staðsetningu á eldinum miðað við vindátt þannig að reykinn legði ekki yfir leikarana.
- 3 Vantaði fleiri búkka og fleka á rauða söfnunarsvæðið. Spurning kom upp hvernig raunverulega slasað ungt barn yrði flutt í burtu, þ.e í hvernig börum. Sjálfri fannst mér truflandi að vera að vinna á vettvangi og þurfa að einbeita mér að talstöðvar samskiptum, leysum það sennilega með því að hafa aðstoðarmann fyrir aðhlyningarstjóra.
- 4 Gæti ekki vera betra
- 5 Fannst vanta aðstoðarmann með björgunarstjóra til að ná að stýra mannskapnum betur á þá staði sem að vantaði mannskap. í reykjöfuninni sem að ég fór í vantaði fólk til að taka á móti sjúklingum þegar að þeir komu út úr henni. reyndar voru frekar fáir þátttakendur í æfingunni og er það líklega ástæðan. vorum við 2 sem að fórum í reykjöfun og gerðum þau mistök að annar fór inn í enda á rörinu og vorum við þá orðnir viðskila í staðinn fyrir að annar færi inn í hundaól og sendi sjúklingana út í þeirri röð sem að komið væri að þeim. Á vettvangi voru Slökkviliðsmenn með VHF stöðvar og björgunarveitarfólk með Tetra og gátu þeir þá ekki talað saman nema í gegnum björgunarstjóra.

- **Eitthvað sem þú vilt taka fram að lokum ?**

- 1 Takk fyrir mig.
- 2 Þar sem hluti af greiningasveit á Vopnafirði er ekki starfsmenn HSA , þarf að koma því þannig fyrir að þeir starfsmenn komist inn á heilsugæslu til að sækja búnað . Setja upp lykibox til dæmis.
- 3 Súpan og Kökurnar fá toppeinkunn líka.
- 4 Mjög skemmtileg og gagnleg æfing sem að skilur mikið eftir sig.
- 5

5.2.2 Einkunn æfingar

Q7 Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10 þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg

